



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. apríl 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur). Þingskjal 1192, 713. mál. (151. löggjafarþing)

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til breytinga á lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn athugasemdir við ofangreint mál.

Barnaheill þakka fyrir að við frumvarpið hefur verið bætt stuttri umfjöllun um áhrif fyrirhugaðra lagabreytinga á börn, eftir ábendingu í umsögn á samráðsstigi frá Barnaheillum, en skv. 3. gr. Barnasáttmálans skal taka allar ákvarðanir sem hafa áhrif á börn með það sem þeim er fyrir bestu að leiðarljósi.

Samtökin fagna því að nú sé loks komið fram lagafrumvarp sem setur takmarkanir á sölu á nikótínvörum á borð við þær sem nú þegar eru í gildi um rafrettur, svo sem 18 ára aldurstakmark bæði fyrir kaupendur og seljendur, að viðvaranir skuli hafðar á umbúðum varanna, að varan skuli ekki vera sýnileg í verslunum auk annarra tillagna sem í frumvarpsdrögunum fram koma.

Barnaheill hafa haft áhyggjur af því takmarkalausa aðgengi sem börn og unglingar hafa haft að nikótínvörum í almennum verslunum og vitað er að notkun nikótínþúða er afar algeng á meðal ungmenna og barna allt niður í grunnskóla.

Barnaheill kalla áfram eftir því að í greinargerð með frumvarpinu verði sérstaklega fjallað um verslun á neti og hvaða reglur skuli gilda um hvernig einstaklingar skuli sýna fram á að þeir hafi náð 18 ára aldri hyggist þeir kaupa nikótínvörur í gegnum vefverslanir. Að mati Barnaheilla er ekki nóg að leggja þá ábyrgð í hendur söluaðila eins og nú er gert ráð fyrir skv. greinargerð með frumvarpinu.

Um vefverslanir sem selja nikótínvörur þarf að kveða skýrt á um hvernig þær megi kynna vörur á netinu því vefverslanir geta jú verið aðgengilegar börnum. Við skoðun á vefverslunum sem selja rafrettur og nikótínvörur má sjá að engar takmarkanir eru á aðgengi inn á síður þeirra, engar tilkynningar um að aðeins þeir sem séu 18 ára eða eldri megi stunda þar viðskipti.

Mikilvægt er að halda vörð um þann góða árangur sem náðist hér á landi þegar dró verulega úr reykingum og tóbaks-/nikótínneyslu barna og ungmenna frá 10. áratugnum og fram eftir nýrri öld. Því miður hafa kannanir gefið til kynna, eins og áður var nefnt, að töluverður fjöldi barna, ánetjast nú nikótínvörum þar sem ekki hefur verið brugðist nægilega fljótt við að setja reglur um sölu slíkra vara. Þess vegna er þeim mun mikilvægara að efla forvarnir til að vara við fíknihættu af nikótínvörum og slæmum heilsufarsafleiðingum af neyslu þeirra.

Mikilvægt er að þessu frumvarpi verði fylgt eftir og það afgreitt sem lög frá Alþingi sem allra fyrst, að teknu tilliti til athugasemda.

Barnaheill leggja mikla áherslu á forvarnir í viðum skilningi og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

Alþingi
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-12,
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 713. Mál.

1. Inngangur

Þann 22. desember 2020 birti heilbrigðisráðuneytið í samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Frumvarp þess efnis hefur nú verið lagt fyrir Alþingi og er til umfjöllunar hér. Með frumvarpinu falla tóbakslausar nikótínvörur undir gildissvið laganna, þar á meðal nikótínþúðar. Rétt eins og aðrir hagsmunaaðilar skilaði British American Tobacco (BAT) inn athugasemdum og ábendingum um frumvarpsdrögin. BAT framleiðir meðal annars það sem þekkt er á Íslandi sem nikótínþúðar og hefur notið mikilla vinsælda meðal fullorðinna neytenda líkt og hjá öðrum þjóðum í Evrópu. Samhliða aukinni neyslu nikótínþúða hefur sala á íslensku tóbaki, sem framleitt er af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, minnkað. Ætla má að samhengi sé þar á milli og nikótínþúðarnir séu þannig að leysa neftóbakið af hólmi.

Heilt yfir fagnar BAT fyrirhuguðum breytingum á lögum nr. 87/2018. Það frumvarp sem nú liggur fyrir leggur ekki stein í götu innflutnings og sölu nikótínþúða og felur í sér viðurkenningu á því að nikótínvörur eru hættuminni en tóbaksvörur og gegna mikilvægu hlutverki í tóbaksforvörnum.

Það er mikilvægt að um innflutning og sölu nikótínþúða gildi skýrar reglur á Íslandi líkt og í öðrum löndum. Með örfáum undantekningum telur BAT að fyrirhugaðar breytingar feli í sér hæfilegt jafnvægi á milli þess að heimila fullorðnum einstaklingum aðgang að löglegum nikótínvörum (t.d. nikótínþúðum sem geta dregið verulega úr þeim skaða sem tóbak veldur) og mikilvægi þess að hamla aðgengi ungmenna að nikótínvörum. Þær tillögur sem lagðar eru til í frumvarpsdrögunum endurspegla að mestu viðhorf ábyrgra framleiðenda, þ.m.t. BAT, sem hafa haft að markmiði að setja vel sýnilegar viðvaranir á umbúðir, upplýsa með skýrum hætti um innihald og nikótínmagn og að takmarka sölu til ungmenna.

BAT leggur til ákveðnar breytingar og lagfæringar á frumvarpinu. Mikilvægt er að ákvæði í lögnum séu skýr og að þau séu til þess fallin að fullorðnir einstaklingar séu vel upplýstir um nikótínvörur og áhrif þeirra. Af því tilefni vill BAT koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

2. Athugasemdir við frumvarp

2.1 Um hámarksstyrkleika og stærð – og skilgreiningu á orðinu „eining“

Í 8. gr. frumvarpsins er ákvæði um að einungis sé heimilt að selja einnota rafrettur, hylki eða áfyllingar fyrir rafrettur sem innihalda að hámarki 20 mg/ml af nikótínvökva. Þegar málið var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda í desember 2020 mátti finna eftirfarandi ákvæði sem til stóð að bæta við nógildandi lög:

„Einungis er heimilt að selja nikótínvörur þar sem hver eining inniheldur að hámarki 20 mg af nikótíni.“

Það ákvæði hefur nú verið fjarlægð en þess í stað bætt við eftirfarandi ákvæði;

„Ráðherra skal í reglugerð kveða á um leyfilegan hámarksstyrkleika nikótíns í nikótínvöru. Við ákvörðun um hámarksstyrkleika skal líta til þess að upptaka nikótíns úr vöru sé ekki meiri en fæst af leyfilegum hámarksstyrkleika í rafrettuvökva.“

Að mati BAT færi betur á því að halda fyrri setningunni, þó með þeim fyrirvara að samhliða ber að skilgreina orðið „eining“ með skýrari hætti. Þannig væri hægt að skilgreina einn nikótínþúða sem *einingu*, svo tekið sé dæmi. Ekki er gerð athugasemd við hámarksstyrkinn, þ.e. 20 mg, og BAT styður markmið frumvarpsins um hámarksstyrk til að verja neytendur fyrir of háu nikótínmagni. Að því sögðu telur félagið þó að sú viðbót sem finna má í frumvarpinu og greint er frá hér að ofan, feli í sér ófyrirsjáanleika og sé til þess fallin að leggja byrði á opinbera aðila.

Í fyrsta lagi er munur á mælingu í vökva (t.d. áfyllingu fyrir rafrettur) og mælingu í staðbundinni vöru á borð við nikótínþúða. Því telur BAT heppilegra að setja einfaldlega sérstök mörk á hámark nikótíns fyrir þessar tilteknu vörur sem verða til þess að löggjöfin sé skýr og framkvæmanleg. Aftur á móti má ná sama markmiði með því að skilgreina annars vegar *einingu* og hins vegar hámarksstyrk nikótíns í hverri einingu. Það er skýrara og felur í sér skýran stuðul sem auðvelt er að skilja og framfylgja.

Í öðru lagi er tillagan, eins og hún birtist í frumvarpinu, óvinnandi í reynd. Nikótínþúðar eru misjafnir að stærð og lögun og innihald þeirra fjölbreytilegt frá hverjum framleiðanda. Allt hefur það áhrif á upptöku nikótíns. Að sama skapi hafa aðrir líffræðilegir þættir áhrif á það hversu mikil upptaka nikótíns á sér stað meðal neytenda vörunnar. Áður en hámarksstyrkur nikótínþúða er skilgreindur í reglugerð, þá sérstaklega ef ætlunin er að koma í veg fyrir að upptaka nikótíns sé ekki meiri en þau 20 mg sem fást úr vökvaformi, þarf að eiga sér stað ítarleg rannsókn þar sem upptaka nikótíns er skilgreind með nákvæmum hætti úr ólíkum nikótínþúðum sem finna má á markaði. Niðurstaðan yrði sú að heilbrigðisráðherra, sem setur reglugerðina, yrði ýmist að miða við mjög þröng mörk, sem myndu grafa undan getu framleiðanda til að bjóða vöruna sem valkost fyrir reykingamenn með því að veita svipaða nikótínreynslu, eða miðast við frjálsari mörk, sem myndi grafa undan þeim tilgangi að vernda neytendur fyrir háum styrk nikótíns.

Í þriðja lagi setur fyrirhuguð tillaga mikla byrði á hendur heilbrigðisyfirvalda. Sem fyrr segir þyrfti að eiga sér stað langt, dýrt og vísindalega flókið ferli áður en reglugerðin er sett. Endurtaka þyrfti slíkar rannsóknir ítrekað eftir því sem vöruþróun heldur áfram fram og nýjar vörur líta dagsins ljós.

Loks má segja að tillagan sé óþörf. Allir ábyrgir framleiðendur eru nú þegar sammála um að 20 mg í hverjum nikótínþúða megi teljast hóflegt magn nikótíns og gott betur. Hámarksstyrkurinn er í samræmi við tóbakstilskipun Evrópusambandsins (2014/40)¹ hvað rafrettur varðar. Það að skilgreina styrk nikótíns með upptöku úr þúðum í samanburði við styrk úr vökva á sér aftur á móti engin fordæmi á heimsvísu. Það liggur því ekki fyrir á hvaða forsendum íslensk stjórnvöld, í þessu tilviki ráðherra heilbrigðismála, myndu byggja slíka reglugerð nema fram færu nákvæmar vísindalegar rannsóknir sem fyrr segir.

Markmið íslenskra stjórnvalda með löggjöf sinni hlýtur að vera að búa til fyrirsjáanleika og festu. Að ætla ráðherra að skilgreina síðar — á forsendum sem liggja ekki fyrir eða markaðurinn hefur ekki verið upplýstur um — með reglugerð hvernig innihaldi eða framleiðslu á löglegum neysluvörum skuli háttað skapar aftur á móti mikla óvissu og ófyrirsjáanleika. Sé ætlunin að byggja slíka reglugerð á nákvæmum og vísindalegum staðreyndum mun taka nokkurn tíma að framkvæma slíkar rannsóknir, sem setur lögmæti vörunnar í óvissu í millitíðinni sem grefur undan því lýðheilsuáhrifum að koma í veg fyrir of háan nikótínstyrk þúðanna. Það er því stjórnvöldum, neytendum, eftirlitsaðilum sem og framleiðendum og innflutnings- og söluaðilum til hagsbóta að skilgreina með nákvæmari hætti í lögum hámarksstyrk nikótíns í hverri einingu eins og hér hefur verið bent á.

Af framangreindum ástæðum leggur BAT til að fallið sér frá því ákvæði sem nú er að finna í frumvarpinu eftir breytingu og þess í stað verði stuðst við þann texta sem finna mátti í frumvarpsdrögunum sem kynnt voru í samráðsgátt, án þess þó að víkja frá markmiðið frumvarpsins.

Við 8. gr. frumvarpsins mætti því bæta við eftirfarandi texta;

„Einungis er heimilt að selja nikótínvörur þar sem hver eining inniheldur að hámarki 20 mg af nikótíni. Með einingu er átt við einn nikótínþúða.“

2.2. Óafmáanlegar viðvörunarmerkingar

Í 5. gr. er fjallað um viðvörunarmerkingar á umbúðum. BAT styður þær breytingar sem þar eru lagðar til, þ.m.t. um að á umbúðum nikótínvara skuli hafa skýrar upplýsingar um magn nikótíns.

Til viðbótar leggur BAT til að framleiðendum sé gert skylt að hafa viðvörunarmerkingar á umbúðum óafmáanlegar. Með þeim hætti er komið í veg fyrir að innflytjendur og söluaðilar noti límmiða eða merkimiða sem auðvelt væri að fjarlægja, breyta eða sem afmást með tímanum – og sniðganga þannig eða uppfylla ekki þær reglur sem um viðvörunarmerkingar gilda.

2.3. Óþarfur liður um upptöku nikótíns

Í 9. gr. nógildandi laga er í nokkrum liðum fjallað um þætti sem óheimilt er að flytja inn, framleiða og selja í rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettum. Að öllu óbreyttu falla nikótínvörur undir ákvæði laganna. Einn liðurinn (d) fjallar um „efni sem auðvelda innöndun eða upptöku nikótíns.“

¹ Tilskipunin er í daglegu tali kölluð betur þekkt sem TPD (Tobacco Products Directive).

BAT telur að sá liður eigi ekki við um nikótínþúða. Þetta ákvæði myndi valda framleiðendum verulegri óvissu vegna skorts á skýrleika innan vísindasamfélagsins sem og framleiðslufyrirtækja um það hvaða efni falla undir gildissvið þess. Í tóbakstilskipun Evrópusambandsins (2014/40) gildir samsvarandi ákvæði ekki um nikótínvörur heldur aðeins um „tóbaksvörur til reykinga“. Samkvæmt því er ekki grundvöllur fyrir því að beita þessu ákvæði á nikótínvörur sem ekki innihalda tóbak og eru ekki reyktar. Enn fremur er í lögnum þegar kveðið á um hámarks nikótínstyrk fyrir nikótínvörur,² sem gerir þetta ákvæði óþarft.

2.4 Auglýsingar og sýnileiki á sölustöðum

BAT andælir því auglýsingabanni og banni við sýnileika nikótínvara sem lagt er til 11. gr. frumvarpsins. Fyrirtækið telur að slík ákvæði séu til þess fallin að skerða lýðheilsu frekar en að efla hana. Nikótínþúðar eru ekki tóbaksvörur, innihalda ekki brennanlegt tóbak né annað tóbak og losa því umtalsvert minna magn eiturefna en hefðbundnar tóbaksvörur eða munntóbaksvörur. Við mat á áhættusamhengi fyrir tóbak og nikótínvörur er áætlað að þessar vörur valdi mun minni áhættu. Það er almennt viðurkennt af sérfræðingum og lýðheilsuyfirvöldum að hægt sé að bjarga mörgum mannlífum með því að draga úr tíðni reykinga hafi reykingamenn val um að nota áhættuminni vörur sem kunna að vera á markaði. Konunglegi breski læknaháskólinn hefur bent á að „þar sem mestur skaði af völdum reykinga stafar ekki af nikótíni heldur frá öðrum hlutum tóbaksreyks væri hægt að bæta heilsu og auka lífslíkur reykingamanna mikið með því að hvetja sem flesta til að skipta yfir í reyklausan nikótínjafa“.³

Í ljósi þess að um mun áhættuminni vöru er að ræða væri óráð að fella vörur á borð við nikótínvörur undir sambærilegan lagaramma og gert er með brennanlegar tóbaksvörur. Að takmarka sýnileika þeirra í smásölu og setja um þær sömu reglur og hefðbundnar sígarettur gerir reykingafólki erfiðara fyrir að vita um framboð þeirra, letur það til að skipta og getur valdið misskilningi varðandi hugsanlegan lýðheilsuávinning af þeim miðað við sígarettur. Ábyrg markaðssetning er nauðsynleg til að vöruflokkurinn nikótínvörur geti orðið sú lýðheilsuþót sem þörf kann að vera á.

Bann við sýnileika og auglýsingum væri óhófleg ráðstöfun. Hægt væri að grípa til hófstiltari ráðstafana, til dæmis að banna auglýsingar sem beinast að ungmönnum. Þess utan má efast um lögmæti þess að banna alfarið sýnileika eða auglýsingar, þar sem það brýtur í bága við persónulegt val neytenda, rétt til einkalífs og rétt til skoðanafrelsis sem og eignarrétt framleiðanda. Það heyrir til undantekninga að beita svo hörðum ákvæðum sem bann við sýnileika löglegra vara er. Það kann að ríkja almenn sátt um að takmarka sýnileika tóbaks en aftur er rétt að minna á að nikótínvörur falla ekki þar undir. Sé markmið löggjafans að takmarka aðgengi ungmenna að nikótínvörum má gera það með öðrum hætti en að banna sýnileika þeirra. Með lögum, og eftir tilvikum reglugerðum, má til dæmis setja ströng skilyrði um merkingar og útlit nikótínvara líkt og gert er í nágrannaríkjum Íslands.

² Þó enn liggja ekki fyrir með hvaða hætti, sbr. athugasemd 2.1.

³ Royal College of Physicians. *Nicotine without smoke: Tobacco harm reduction*. London: RCP, 2016, 2. kafli.

3. Niðurlag

Það er viðurkennd staðreynd að skaðsemi tóbaksreykinga má rekja til þeirra efna sem finna má í tóbaksreyk, en ekki til nikótíns. Gera þarf því greinarmun á tóbaksvörum og nikótínvörum.

Beggja vegna Atlantshafsins hefur fjöldi fólks kosið að láta af reykingum eða annarri tóbaksneyslu og notar þess í stað nikótínþúða. Aftur á móti eru aðstæður á Íslandi frábrugðnar öðrum ríkjum þar sem íslenska neftóbakið hefur notið mikilla vinsælda, þar sem því hefur að mestu verið neytt í vör. Sölugerður ÁTVR undanfarin ár sýna fram á það. Eftir komu nikótínþúða á íslenskan markað hefur sala íslenska neftóbaksins minnkað verulega eftir að hafa aukist ár frá ári fram að árinu 2020.⁴ Að öllu óbreyttu mun sú þróun halda áfram. Nikótínþúðanna liggur fyrir og er þannig skammtað, ólíkt íslenska neftóbakinu sem notað er í misstórum skömmtum. Þá eru nikótínþúðarnir jafnframt ólíkir sænskum tóbakspúðum (snus), þar sem þeir innihalda ekki tóbak.

Þess má geta að í október 2019 heimilaði bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitið (FDA) markaðssetningu og auglýsingar á átta reyklusum tóbaksvörum. Samhliða gaf FDA út yfirlýsingu um að með því að nota ákveðnar snus-afurðir „í stað sigarettna sé minni hætt á krabbameini í munni, hjartasjúkdómum, lungnakrabbameini, heilablóðfalli, lungnaþembu og langvarandi berkjubólgu.“⁵ Með því að veita þessa heimild staðfesti FDA þá stefnu sína að tóbaksvörur mætti flokka eftir áhættu, þar sem brennanlegar sigarettur eru áhættusömstu vörurnar og reyklusar tóbaksvörur væru áhættuminni. Í samhengi við stefnu FDA má með rökum halda því fram að nikótínþúðar séu enn áhættuminni en brennanlegar sigarettur eða reyklusar tóbaksvörur.

Reynsla frá mörkuðum þar sem reyklusar vörur hafa verið fánlegar um nokkurt skeið styðja við rökin um að reykingamenn geti neytt nikótíns án brennanlegs tóbaks. Þannig má sem dæmi nefna að í Svíþjóð eru reykingamenn mun færri en að meðaltali í Evrópu, 5% á móti 24% samkvæmt könnun Eurobarometer.⁶ Þetta lága hlutfall reykingamanna í Svíþjóð má rekja til þess að Svíar hafa í áratugi framleitt og neytt tóbakspúða (snus) og eru því vanir því að neyta nikótíns án brennanlegs tóbaks. Þá eru engin haldbær gögn eða rannsóknir sem sýna fram á að notkun tóbakspúða leiði til þess að neytendur þeirra verði reykingamenn síðar meir.

Að lokum er rétt að ítreka það sem áður hefur komið fram, að BAT er ábyrgur framleiðsluaðili og styður frumvarpið með þeim fyrirvörum sem hér hafa verið settir og viðurkenningu á því að nikótínþúðar valda mun minni skaða en tóbak og tóbaksvörur.

BAT áskilur sér rétt til að koma á færi frekari sjónarmiðum eða athugasemdum á síðari stigum.

Ralf Ploufmann-Olsen
Senior Government Affairs Manager
British American Tobacco

⁴ <https://www.vb.is/frettir/43-samdrattur-i-islenska-ruddanum/165122/>

⁵ <https://www.fda.gov/news-events/press-announcements/fda-grants-first-ever-modified-risk-orders-eight-smokeless-tobacco-products>

⁶ Eurobarometer, könnun 458, birt í maí 2017 (gögn frá mars 2017).



Alþingi
Kirkjutorg
101 Reykjavík

Garðabær, 29. apríl 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 713. Mál.

Dufland ehf. er heildsala sem hefur sérhæft sig í innflutningi og dreifingu á nikótínþúðum undanfarin tvö ár. Dufland er með umboð á íslenskum markaði fyrir nikótínþúðavörumerkin: LYFT, LOOP, V&YOU, XQS, PAZ og ICE. Dufland ehf. styður að gerðar verði breytingar á núverandi lögum nr. 87/2018 sem varða að fella allar tóbakslausar nikótínvörur undir gildissvið laganna, þar á meðal nikótínþúða.

Eftir að Dufland ehf. hóf dreifingu á nikótínþúðum á íslenskan markað um mitt ár 2019 hefur dregið verulega úr sölu á tóbaksvörum. Vel er þekkt að í tóbaksvörum er fjöldi af krabbameinsvaldandi efnum og hafa heilbrigðisfyrvöld sett kraft í að draga úr notkun tóbaks á Íslandi. Með réttu skal benda á að nikótín er ávanabindandi efni sem getur haft skaðleg áhrif á heilsu manna í miklu magni. Nikótínþúðar eru þó að öllum líkindum töluvert skaðminni kostur en tóbaksvörur þar sem búið er að einangra nikótín frá öðrum skaðlegum efnum sem finna má í tóbaksvörum.

Dufland telur meginástæðuna fyrir því að nikótínþúðar hafi leitt til samdráttar í tóbaksnotkun sé sú að notandinn hefur meira val um styrkleika nikótíns, tóbaksnotendur geta þannig skipt yfir í skaðminni staðkvæmdarvöru sem gefur þann möguleika að draga úr styrk nikótíns þegar á líður. Rétt er að benda á að langflestir nikótínþúðar sem eru seldir á íslenskum markaði innihalda minna magn af nikótíni en íslenska neftóbakið sem hefur undanfarna áratugi verið í miklu magni notað undir vör. Það er því okkar mat að mikilvægt sé að gæta meðalhófs í takmörkunum á markaðssetningu nikótínþúða og að meta kosti nikótínþúða út frá verulegum samdrætti í tóbaksnotkun. Huga þarf þó að takmörkun nýrra notenda á nikótínvörum og sérstaklega þeirra sem yngri eru en 18 ára.

Lagasetningin ætti að miðast við markmið laganna sem er að tryggja gæði og öryggi vara á markaði og að tryggja með tiltækum ráðstöfunum að börn geti ekki keypt nikótínvörur.

Dufland ehf. vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

Í 5. gr. laga kemur hvergi fram að viðvaranir um áhrif vörunnar á heilsu þurfi að vera á íslensku sem að okkar mati er mjög mikilvægt fyrir íslenska neytendur. Að auki er okkar mat að það þurfi að skilgreina betur hvað koma eigi fram á umbúðum. Dufland telur einnig við hæfi að vörur séu merktar með upphleyptum þríhyrning til upplýsinga fyrir sjónskerta í samræmi við staðalinn ISO 11683. Þá skulu aðvörunarmerkingar vera sýnilegar á framhlið vörunnar sem í þessu tilfelli eru sívalar umbúðir.



Alþingi
Kirkjutorg
101 Reykjavík

Garðabær, 29. apríl 2021

Í 8. gr. laga um hámarksstyrkleika og stærð er mikilvægt að hámarksstyrkleiki komi skýrt fram. Dufland telur að 20 mg af nikótíni í hverri neyslueiningu (púða) ætti að vera hámarksstyrkleiki nikótíns í nikótínvörum. Mikilvægt er að líta til nikótínsmagns í íslensku neftóbaki, sem flestir notendur nikótínþúða hafa skipt úr. Íslenskt neftóbak inniheldur um 25 mg/g af nikótíni og algengt er að notandi noti um 0,6 g – 1 g af íslensku neftóbaki í hverjum skammti eða því sem nemur 15 - 25 mg af nikótíni í hverri neyslueiningu.

Bent er á að erfitt getur því reynst að bera saman nikótínmagn í mismunandi nikótínvörflokkum þar sem töluverður munur er á því hvort nikótínupptaka eigi sér stað í gegnum lungu, slímhúð í munni, maga eða í gegnum húð. Sem dæmi hafa rannsóknir sýnt fram á að nikótínupptaka af sænsku munntóbaki (sem er mögulega líkast nikótínþúðum) sé um 10% til 20%¹. Einnig er munur á hversu hröð nikótínupptakan er. Sem dæmi tekur um 5 mínútur að reykja sígarettu sem inniheldur að jafnaði 10 – 12 mg af nikótíni. Til viðmiðunar neytir notandi nikótínþúða hversrar neyslueiningar í um 30 mínútur.

Dufland telur mjög mikilvægt að skilgreint verði í lögum hámarksstyrkleika nikótíns í hverri neyslueiningu og leggur til að hámarksstyrkleiki taki mið af íslensku neftóbaki sem hefur verið fánlegt á Íslandi í fjölda ára. Neðri mörk almennrar neyslueiningar íslensks neftóbaks í vör (15 – 20 mg) er einnig í samræmi við hæsta fánlega styrkleika frá ábyrgum framleiðendum nikótínþúða.

Í 8. gr. laga segir að *ráðherra sé heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um hvernig háttað skuli mælingum og eftirliti með því að heimildir um stærð, styrkleika og innihaldsefni séu virtar*. Mikilvægt er að hverskyns mælingar sem gerðar eru kröfur á í reglugerð séu í samræmi við þekktar staðlaðar aðferðir.

Í 9. gr. laga segir að *ráðherra er heimilt í reglugerð að takmarka markaðssetningu bragðefna í nikótínvörum sem gætu höfðað til barna*. Dufland mótmælir þessu þar sem ógerlegt er að segja til um hvaða bragðefni höfði frekar til barna en önnur, að auki sýnir þetta markað. Dufland bendir á að rafrettumarkaðurinn gæti þá alveg eins selt bragðefni í sérilátum til blöndunar við nikótínvökvann.

Í 11. gr. laga er kveðið á um auglýsingar og sýnileikabann á sölustöðum. Dufland ehf. telur mikilvægt að gæta meðalhófs hvað varðar takmarkanir á markaðssetningu á

¹ Tilvísun tekin úr “Oral mucosal changes and nicotine disposition in users of Swedish smokeless tobacco products: a comparative study” eftir Gunilla Andersson, Gunilla Björnberg, Margareta Curvall byrt 1994 og “Reduction in nicotine intake and oral mucosal changes among users of Swedish oral moist snuff after switching to a low-nicotine product” eftir Gunilla Andersson, Tony Axéll, Margareta Curvall byrt 1995.



Alþingi
Kirkjutorg
101 Reykjavík

Garðabær, 29. apríl 2021

nikótínþúðum. Markaðssetning nikótínþúða hefur dregið verulega úr notkun tóbaks undanfarin ár sem við teljum vera jákvæða þróun þar sem skaðsemi tóbaks liggur vel fyrir.

Einnig bendum við á að í því alþjóðaumhverfi sem við búum við í dag, þar sem auðvelt er að panta vörur á netinu og fá heimsendar upp að dyrum frá erlendum aðilum, að lög um sýnileika, auglýsingar og markaðssetningu á vefmiðlum verði ekki of íþyngjandi fyrir íslensk fyrirtæki. Heldur að hugað verði að samkeppnishæfni þeirra gagnvart erlendum dreifingar- og söluaðilum. Dæmi eru um að erlendir söluaðilar hafi beint auglýsingum sínum til íslenskra notenda. Mikilvægt er að neytandinn sé upplýstur um þær nikótínvörur sem eru í boði hverju sinni til þess að hann geti tekið upplýsta ákvörðun ef skipta á úr tóbaki og yfir í nikótínvöru. Sýnileikabann mun því hafa áhrif á slíkar ákvarðanir.

Dufland telur að ef farið verður þá leið að sýnileikabann verði á öllum almennum sölustöðum þá sé mikilvægt, til þess að tryggja samkeppni, að auglýsingar og sýnileiki á nikótínvörum verði þess í stað leyfðar bæði í sérverslunum ásamt stöðum þar sem 18 ára aldurstakmark ríkir, t.d. á börum og skemmtistöðum.

Í 14. gr. laga er kveðið á um tilkynningarskyldu og að tilkynna þurfi markaðssetningu nikótínþúða til Neytendastofu þremur mánuðum áður en markaðssetning er fyrirhuguð. Dufland telur þann tíma hæfilegan og mikilvægt að sá tími verði ekki lengdur.

Virðingarfyllst,
f.h. Dufland ehf.

Bjarni Freyr Guðmundsson og Víðir Örn Guðmundsson

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2021
2104134/0.4.1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 713. mál.

Embætti landlæknis fagnar frumvarpi um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur sem miðar að því að bæta nikótínvörum á borð við tóbakslaus nikótínþúða inn í lög.

Tóbakslausir nikótínþúðar er ný vara á markaði sem hefur náð töluverðri útbreiðslu á skömmum tíma. Könnun framkvæmd af Gallup fyrir embætti landlæknis á notkun tóbakslausra nikótínþúða var gerð í september 2020. Heildarnotkun 18 ára og eldri mældist um 10%, eða 7% daglega og 3% sjaldnar en daglega. Það samsvarar því að um 24 þúsund fullorðnir noti nikótínþúða daglega eða sjaldnar en daglega ef tekið er mið af þjóðinni allri.

Mikill munur er þó á notkun nikótínþúða eftir aldri og í aldurshópnum 18 til 24 ára er dagleg eða sjaldnar en dagleg notkun á nikótínþúðum 28% hjá báðum kynjum. Þessar niðurstöður ríma ágætlega við nýlegar niðurstöður úr framhaldsskólakönnun Rannsóknna og greiningar þ.e. að um þriðjungur nemenda noti nikótínþúða.

Nikótín er ávanabindandi efni og því óæskilegt að ungt fólk byrji að nota þessar vörur og verði háð nikótíni. Því er mikilvægt að frumvarpið verði að lögum á þessu löggjafarþingi

Virðingarfyllst,

Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (níkótínvörur), 713. mál.

Félag atvinnurekenda vísar til umsagnarbeiðni velferðarnefndar um ofangreint mál, dags. 15. apríl sl.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilgangur frumvarpsins sé að setja skýrar reglur um heimildir til sölu, markaðssetningar og notkunar á níkótínvörum og fella það undir sömu reglur og gilda samkvæmt lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Félagið fagnar því að lögfesta eigi regluverk um innflutning, markaðssetningu og notkun níkótínþúða sem hefur fram til þessa verið án lagaumgjörðar.

Félagið gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Almennar athugasemdir

- Félagið fær ekki betur séð en samræma þurfi ákvæði frumvarpsins betur þannig að kveðið sé á um hlutverk Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um markaðseftirlit en ekki Neytendastofu, sbr. 14. gr. (breyting á 13. gr.)¹, 15. gr. (breyting á 14. gr. (fyrirsögn, 3. mgr. og 4. mgr.)), 16. gr. (breyting á 15. gr.), 17. gr. (breyting á 16. gr.)² og hugsanlega 18. gr. (breyting á 17. gr.) en víða er enn kveðið á um Neytendastofu þó hún eigi einungis að fara með eftirlit með banni með auglýsingum og bráðabirgðaákvæði 22. gr. eigi að veita henni heimild til að gegna núverandi hlutverki til 1. október nk.
- Í bráðabirgðaákvæði 22. gr. a. í frumvarpinu segir: „Fram til 1. október 2021 fer Neytendastofa með hlutverk Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar skv. IV. og VI. kafla og áfrýjunarnefnd neytendamála með hlutverk úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 19. gr.“ Í 19. gr. laganna er fjallað um ákvarðanir Neytendastofu og áfrýjunarnefnd neytendamála en í frumvarpinu er ekki lögð til breyting á ákvæðinu þannig að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála taki við hlutverkinu.

8. gr.

- Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðherra sé gert að kveða á um leyfilegan hámarksstyrkleika níkótíns í níkótínvöru í reglugerð þar sem vöruþróun kunni að vera hröð og unnt þurfi að vera að bregðast fljótt við ef rannsóknir leiða í ljós að breytinga sé þörf á hámarksstyrkleika. Félagið telur rétt að í þeirri reglugerð verði styrkleiki bundinn við þúða en ekki einingu eða magn. Verði styrkleikinn bundinn við magn er hættu á að framleiðendur fari þá leið að stækka þúðana.

¹ Í greinargerð kemur fram að lagðar séu til breytingar þar sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er falið hlutverk markaðseftirlitsaðila með níkótínvörum og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun setji á stofn samvinnunefnd. Núgildandi 13. gr. er svohljóðandi: „Neytendastofa fer með markaðseftirlit með rafrettum og áfyllingum fyrir þær í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Neytendastofa skal setja á stofn samvinnunefnd [...]“. Félagið fær ekki betur en séð en við a-lið 14. gr. þurfi að bæta við: Í stað „Neytendastofa“ í 1. og 2. málsli. kemur „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“.

² Einnig: „Á eftir „ætla að“ kemur orðið „níkótínvörur“.

17. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laganna mun ráðherra setja reglugerð með nánari ákvæðum um kröfur varðandi gæði, öryggi, merkingar og innihaldslýsingu rafretna og áfyllinga fyrir þær. Gæta þarf að því að nægur aðlögunartími verði veittur þar til sú reglugerð tekur gildi svo fyrirtækin geti orðið við kröfum sem gerðar verða.

20. gr.

Með ákvæðinu er Húsnæðis- og mannvirkjastofnun veitt heimild til að leggja dagsektir á fyrirtæki sem ekki verða við kröfu um úrbætur. Félagið telur það rétt skref en eftirliti með sölu og markaðssetningu rafretna og áfyllinga fyrir þær hefur fram til þess verið talsvert ábótavant sem skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags atvinnurekenda



Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur



FJÖLMIÐLANEFND

Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2021
Mál nr. 2021-2340 / 0.4

Efni: Umsögn fjölmiðlanefndar um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur).

1.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 15. apríl 2021, þar sem óskað var umsagnar fjölmiðlanefndar um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 713. mál. Með frumvarpinu er lagt til að tóbakslausar nikótínvörur verði felldar undir gildissvið laga nr. 87/2018 og að eftirlit með auglýsingabanni á þeim vörum sem falla undir gildissvið laganna verði í höndum Neytendastofu og fjölmiðlanefndar.

Fjölmiðlanefnd vísar til fyrri umsagnar um frumvarp sama efnis til heilbrigðisráðuneytis, dags. 6. janúar 2021, sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda. Var þar ítrekað mikilvægi þess að Neytendastofa fari með almennt eftirlit með auglýsingabanni á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær. Ástæðan er sú að markaðssetning fyrir þessar vörur fer fyrst og fremst fram á samfélagsmiðlum. Jafnvel þótt auglýsingabann laga nr. 87/2018 kunni að taka til fleiri miðla en fjölmiðla taka lögbundnar eftirlitsheimildir fjölmiðlanefndar einungis til eftirlits með auglýsingum í hefðbundnum fjölmiðlum.

Fjölmiðlanefnd hefur áður beint athugasemdum sama efnis til ráðuneytisins, við meðferð frumvarps til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir nr. 6/2002 með síðari breytingum (rafsígarettum), dags. þann 24. ágúst 2017, og eftir gildistöku laga nr. 87/2017 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, dags. þann 30. apríl 2019. Í fyrrgreindum erindum nefndarinnar kom fram að þörf væri á lagabreytingum ef eftirlit með auglýsingabanninu ætti að ná til fleiri miðla en fjölmiðla.

Við þessum athugasemdum hefur verið brugðist í fyrirliggjandi frumvarpi. Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins er lagt til að Neytendastofa fari með almennt eftirlit með auglýsingabanni á fyrrgreindum vörum. Í 24. gr. frumvarpsins er lagt til að fjölmiðlanefnd fari með eftirlit með

auglýsingum í fjölmiðlum, með því að orðinu „nikótínvörur“ verði bætt við ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

Fjölmiðlanefnd er hlynnt framangreindum breytingum og gerir að öðru leyti engar athugasemdir við frumvarpið.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,



Heiðís Lilja Magnúsdóttir
lögfræðingur



Elfa Ýr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á: nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. apríl 2021.

Umsögn Fræðslu og forvarna (FRÆ) um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (nikótínvörur), mál 713, lagt fram á 151. löggjafarþingi 2020–2021.

Fræðsla og forvarnir hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Ástæða er að fagna frumvarpinu. Með samþykkt þess er brugðist við ófremdarástandi sem ríkt hefur varðandi nikótínþúða og aðrar nikótínvörur og eytt ýmiss konar lagaóvissu varðandi markaðssetningu þeirra og sölu.

FRÆ tekur undir þá áherslu sem fram kemur í frumvarpinu um hagsmuni barna og ungmenna; það er að skýrt sé kveðið á um þá þætti sem snúa að þeim sérstaklega. Svo sem að tryggja skuli að nikótínvörur séu ekki geymdar eða staðsettar þar sem börn ná til og að einungis einstaklingum 18 ára og eldri verði heimilt að kaupa nikótínvörur og sama gildi um þá sem selja nikótínvörur.

Því ber einnig að fagna að óheimilt verður að hafa á umbúðum nikótínvara texta eða myndmál sem geti höfðað sérstaklega til barna og ungmenna, meðal annars með myndskreytingum eða slagorðum, og þannig hvatt til neyslu nikótínvara, en hið sama gildir í dag um rafrettur og áfyllingar fyrir þær.

Það er einnig mikilvægt að börn og ungmenni séu varin gegn ásókn og ágangi þeirra sem selja og markaðssetja nikótínvörum með því að banna sölu þeirra á ákveðnum stöðum þar sem börn og ungmenni halda til og banna notkun nikótínvara í skólum, menntastofnunum og öðrum húsakynnum sem ætluð eru til dagvistunar og félags-, íþrótt- og tómstundastarfs þeirra. Það sama má segja um að óheimilt sé að hafa á umbúðum nikótínvara texta eða myndmál sem getur höfðað sérstaklega til barna eða ungmenna og hvetja til notkunar nikótínvara. Svo og að bannað verði að auglýsa nikótínvörur eða sýna neyslu þeirra í auglýsingum.

Það er mikilvægt að tryggja neytendum skýrar upplýsingar um magn nikótíns í þessum vörum og gert að skilyrði fyrir sölu eða dreifingu á nikótínvörum eins og gert er um rafrettur og áfyllingar fyrir þær að viðvaranir um áhrif vörunnar á heilsu séu skráðar á umbúðir hennar og leiðbeiningar fylgi um notkun hennar og geymslu. Á markaði í dag má finna nikótínþúða þar sem upplýsingar um nikótíninnihald eru óljósar eða ekki til staðar. Slíkt býður heim hættu á eitrunum.

Virðingarfyllst.

F.h. stjórnar FRÆ, Fræðslu og forvarna,



Árni Einarsson, framkvæmdastjóri

Þekking í þágu forvarna

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 29. apríl 2021

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur,
nr. 87/2018 (nikótínvörur), 713. mál.**

Umsögn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins


Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins fagnar framkomnu frumvarpi sem setur nauðsynlegar og mjög tímabærar lagareglur um nikótínþúða. Félagið fagnar líka þeim breytingum sem gerðar voru á frumvarpinu eftir umsagnarferli í samráðsgátt stjórnvalda. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins gerir ekki frekari athugasemdir en áður hafa komið fram og treystir á að það verði samþykkt sem allra fyrst.

Jafnframt hvetur félagið ráðherra og alþingismenn til enn frekari aðgerða í þágu tóbaks- og nikótínvarna á Íslandi þannig að við getum tekið næstu skref í því skyni að vernda börn og ungmenni frá því að ánetast nikótínfíkn.

Virðingarfyllst,



Árni Einarsson
formaður
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins



Guðlaug B. Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins



Seltjarnarnesi, 29. apríl 2021

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Efni: Þingskjal 1192 — 713. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (nikótínvörur).

Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) vill veita umsögn og koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið.

LFÍ fagnar því að frumvarpið nái yfir nikótínvörur, þar með talið nikótínþúða. LFÍ ítrekar mikilvægi þess að tryggja eftir fremsta megni öryggi neytenda nikótínvara og annarra sem til þeirra gætu náð, sérstaklega barna.

Talið er að notkun nikótínvara sé orðin útbreidd meðal ungs fólks hér á landi og fer markaðssetning slíkra vara einkum fram á samfélagsmiðlum, meðal annars með því að svokallaðir áhrifavaldar komi vörunum á framfæri við þá markhópa sem sóst er eftir. Hér er ekki fyrst og fremst um að ræða aðstoð við að draga úr eða hætta notkun tóbaks svo bæta megi lýðheilsu, því markhópurinn er ekki síður ungir einstaklingar sem hafa ekki ánetjast tóbaki.

LFÍ fagnar því að tekið hafi verið tillit til athugasemda umsagna og að kveðið sé skýrar á um takmarkanir á auglýsingum og markaðssetningu.

Áhrifaríkasta leiðin til að draga úr tóbaksnotkun er að draga úr sýnileika þess og aðgengi og það sama gildir væntanlega einnig um aðrar nikótínvörur.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Lyfjafræðingafélags Íslands,

Inga Lilý Gunnarsdóttir
Formaður Lyfjafræðingafélags Íslands

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 29.04.2021
Tilv. 2021/0323 - 0.3.01
ÞÁÁ

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til breytinga á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 713. mál

Vísað er til tölvubréfs, dags. 15. apríl 2021, þar sem Neytendastofu var gefinn kostur á að koma að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 713. mál.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að orðinu nikótínvörur sé bætt inni 1. gr. laga nr. 87/2018 þar sem vísað er til rafrettna. Neytendastofa leggur til að í ákvæðið þar sem fjallað er um heimildir til innflutnings verði bætt inn „og áfyllingar fyrir rafrettur“ til samræmis við önnur ákvæði laganna. Ákvæðið yrði þá svohljóðandi:

„Markmið laga þessara er að veita heimildir til innflutnings, sölu, markaðssetningar og notkunar nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur og tryggja gæði og öryggi nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur á markaði og tryggja með tiltækum ráðstöfunum að börn geti ekki keypt nikótínvörur og rafrettur.“

Í a. lið 14. gr. er orðinu nikótínvörur bætt inn í 1. mgr. 13. gr. laganna. Neytendastofa leggur til að til samræmis við 16. gr. laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu sem vísað er til í ákvæðinu verði orðunum „eftir því sem við getur átt“ bætt inn í málsgreinina. Ákvæðið yrði þá svohljóðandi:

„Húsnæðis- og mannvirkjastofnun fer með markaðseftirlit með nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal setja á stofn samvinnunefnd um samstarf við önnur eftirlitsstjórnvöld og skoðunarstofur, eftir því sem við getur átt, til að fara með eftirlit með nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettur, sbr. [16. gr. laga nr. 134/1995](#).“

Í b. lið sömu greinar er lögð til breyting á 13. gr. laganna með því að bæta inn nýjum málslíð varðandi eftirlit Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar skv. lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu en laganúmer laganna virðist hafa misritast og er tilgreint sem lög nr. 57/2005 en á að vera lög nr. 135/1995.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Þórunn Anna Árnadóttir
Forstjóri



Skarphéðinn Grétarsson

Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík 29.apríl 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur)

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dagsett 15. apríl 2021, þar sem óskað var eftir umsögn Sven ehf. um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 713. mál.

Sven ehf. rekur sérverslanir með nikótínþúðum á Íslandi og fagnar því að lagarammi liggi fyrir um innflutning, sölu og markaðssetningu á slíkum vörum á Íslandi.

Félagið gerir athugasemdir við að ákvæðum um nikótínvörur sé bætt við ákvæði laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018 eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Telur félagið að heppilegra hefði verið að setja sérstök lög um nikótínvörur enda eru þær allt annars eðlis en rafrettur. Einnig telur félagið að þær reglugerðir sem settar verða í kjölfar breytinga á lögum hvað varðar nikótínþúða verði sett í sérstaka reglugerð en ekki sett inni núverandi reglugerð um merkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga og efni upplýsingabæklings sem fylgja skal rafrettum og áfyllingum.

Allir nikótínþúðar sem Sven ehf. selur í sínum verslunum eru framleiddir eftir sömu reglum og með sama innihald og reyklaust tóbak að öðru leyti en því að ekkert tóbak er í nikótínþúðunum. Áratugarannsóknir á reyklusu tóbaki sýna með skýrum hætti kosti þess umfram tóbak með reyk. Þá bendir félagið á að rannsóknir á rafrettum séu aftur á móti af afar skörnum skammti. Því er að mati félagsins í raun hagsmunamál samfélagsins að fækka notendum á tóbaki og nikótíni með reyk sem og notendum á íslensku neftóbaki sem er notað sem munntóbak og engar rannsóknir liggja fyrir um heilsufarsleg áhrif á.

Að gefnu tilefni vill félagið vekja athygli á tilteknum atriðum sem það telur að skoða megi betur þegar kemur að laga- og reglugerðarsetningu í tengslum við sölu nikótínþúðum og öðrum nikótínvörum.

Aldurstakmark

Félagið tekur heilshugar undir að 18 ára aldurstakmark sé lögfest hvað varðar notkun niktótínþúða enda hefur félagið fylgt þeirri reglu strangt frá opnun. Mikilvægt er að þeir sem selja nikótínvörur af einhverju tagi tryggji eftir fremsta megni að slíkar vörur séu ekki seldar til barna þar sem nikótín er mjög ávanabindandi efni.

Mikilvægi þess að vörur sem innihalda nikótín séu merktar á viðeigandi hátt fyrir neytandann

Tillögur í frumvarpinu hvað þetta varðar eru því að mati félagsins að mörgu leyti góðar þó þær gangi í einstaka tilvikum nokkuð langt. Mikilvægt er að umbúðir nikótínvara beri með sér innihaldslýsingar um magn nikótíns per einingu og gangi ekki lengra en gengur og gerist með aðrar sambærilegar vörur í dag. Þer að líta til þess að öðruvísi upptaka er á nikótíni í nikótínþúðum en í áfyllingarvökva í rafrettum þegar reglugerð verður sett með hámarki á nikótínmagni. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á nikótínþúðum með tóbaki sýna að upptakan í þeim þúðum sé 20-50%. Mikilvægt er að heimilt sé að fara uppí allt að 20mg per einingu af nikótíni í nikótínþúðum. Ástæða þess er samfélagsleg ábyrgð í því fækka notendum nikótíns með reyk og neftóbaki í vör þar sem venjulegur skammtur af neftóbaki í vör er meira en 20mg per einingu og reykingarfólk eða veipaarr sem ákveður að hætta og skipta yfir í nikótínþúða þarf yfirleitt 11-20mg. Sven ehf. hefur ætíð haft þessar tilteknu upplýsingar mjög sýnilegar á sínum vörum sem og allar þessar upplýsingar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins og eru slíkar merkingar til góðs fyrir neytandann.

Að mati félagsins er mikilvægt að á umbúðum sé að finna skýrar viðbótarmerkingar á íslensku annars vegar um að nikótín sé mjög ávanabindandi líkt og kveðið er á um í lögnum.

Hins vegar staldrar félagið við fyrirhugaðar breytingar á 2. mgr. 16. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu sem um ræðir er ráðherra heimilt að setja í reglugerð ákvæði um kröfur varðandi m.a. merkingar og innihaldslýsingu rafrettna og áfyllinga fyrir þær, sbr. reglugerð nr. 255/2019. Í reglugerðinni er m.a. gerð sú krafa að pakkingum rafrettna og umbúðum áfyllinga fylgi „bæklingur“ með upplýsingum á íslensku um tiltekin atriði.

Þó ekki liggi fyrir á þessum tímapunkti hvort að ákvæði um merkingu nikótínvara verði felld undir tilgreinda reglugerð eða hvort sérstök reglugerð verði gefin út varðandi nikótínvörur vill félagið koma á framfæri þeirri skoðun sinni að 6.gr. í framangreindri reglugerð segir að bæklingur skuli fylgja ættu ekki að ná yfir nikótínþúða þær upplýsingar sem að krafist er að komi fram í bæklingi skv. reglugerðinni eru nú þegar aftan á dósunum.

Vekur félagið athygli á að innihald nikótínþúða að undanskildu nikótíni er það sama og í matvælum. Hér á landi er hægt að kaupa kaffi, safu, jafnvel áfengi eða hvaða neysluvöru sem er aðra sem inniheldur t.a.m. viðbættan sykurlausu eða koffín þar sem ekki er gerð krafa um slíkar upplýsingar á íslensku, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, með síðari breytingum. Samkvæmt því ákvæði mega merkingar vera á íslensku, ensku eða öðru norðurlandtungumáli öðru en finnsku. Viðbótarupplýsingar vegna drykkja sem innihalda mikið af koffíni eða matvæli með viðbættu koffíni þurfa að vera á íslensku, sem er í takt við það sem nefnt var hér að ofan um varúðarmerkingar um að nikótín sé ávanabindandi. Að mati félagsins ættu merkingar fyrir nikótínþúða fremur að vera í takt við þetta en ekki í samræmi við reglur um rafrettur og áfyllingar í þær.

Auglýsingar og sýnileiki í sérverslunum.

Í 11. gr. frumvarpsins er lögð sú kvæð að vörurnar séu ekki sýnilegar inn um glugga í sérverslunum. Það skýtur skökku við að lagðar séu ríkari kröfur á sérverslanir með nikótínvörur en ríkisverslun sem selur áfengi sem einnig er ávanabindandi vara og sýnt hefur verið fram á

töluvert meiri skaðsemi, fyrir líkamlega og andlega heilsu fólks. Ekki er gerð krafa á áfengisverslun ríkisins að hafa sýnar vörur ekki sýnilegar inn um glugga verslana. Leggur félagið til að meðalhófs sé gætt í lagasetningu hvað þetta varðar og ekki gengið lengra með takmörkun á sýnileika í sérvöruverslunum með nikótínvörum en sérvöruverslunum með áfengi.

Tilkynningargjald og strikamerki

Lagt er til í frumvarpinu að sú breyting að markaðseftirlit verði í höndum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og að tilkynna þurfi til stofnunarinnar áður en markaðsetning er fyrirhuguð. Ráðherra er veitt heimild til að útfæra nánari útfærslu og einnig veitt heimild til gjaldtöku fyrir móttöku tilkynningar. Í núverandi löggjöf er þetta í höndum Neytendastofu og innheimtir sú stofnun 75 þúsund krónur í tilkynningargjald. Óskýrt er fyrir hvað þetta óhóflega gjald stendur og fyrir hvað er verið að greiða annað en að taka á móti tilkynningu, sjá um vörslu og greina þær upplýsingar sem hún inniheldur. Bent er á að heimild er í lögnum fyrir því að rukka framleiðendur, innflytjendur sérstaklega ef að til þess kemur að rannsaka þurfi vöruna frekar sem tilkynnt er um, þannig að það er skýrt að tilkynningagjaldi er ekki ætlað að standa undir þeim kostnaði. Gæta verður meðalhófs í gjaldtöku hins opinbera og skýrt verður að vera fyrir hvað er verið að rukka. Einnig bendir félagið á að engar útskýringar eru á því hvað telst ný vara. Slíkt þarf að vera töluvert skýrara, er verið að tala um nýtt strikamerki, nýtt vörumerki, nýtt innihald? Gæta verður að samkeppnissjónarmiðum í því tilliti sérstaklega þegar horft er til skilgreininga er varða strikamerkingar. Strikamerkingar á sömu vöru geta verið misjafnar á milli landa og með því að tengja óhóflega gjaldið eingöngu því er verið að skattleggja neytendur og í raun að gera minni smásöluaðilum erfiðara fyrir að kaupa vörur til endursölu í einhverri samkeppni. Ef vafi leikur á að um sama vara sé með ólíkum strikamerkjum getur eftirliststofnunin alltaf ákveðið að skoða það nánar og velta þeim kostnaði á viðkomandi innflutningsaðila.

Tilefni og nauðsyn lagasetningar

Sven ehf. tekur undir að nauðsynlegt sé að setja lagaramma í kringum sölu á nikótínþúðum. Hinsvegar þarf að gera greinarmun á rafrettum, áfyllingum fyrir rafrettur og á nikótínþúðum. Bæði er upptaka á nikótíni öðruvísi sem og innihald. Í Svíþjóð er eftirlit með framleiðslu nikótínþúða með tóbaki undir matvælaeftirlitinu, þar sem þúðarnir innihalda sömu efni og notuð eru í matvæli að undanskildu tóbakinu. Allar líkur er á að tóbakslausir nikótínþúðar muni falla undir sama eftirlit þar sem framleiðsla þeirra er á sama hátt, þ.e innihaldsefni þau sömu og notuð eru í matvæli að undanskildu nikótíninu.

Sven ehf. vill að lokum þakka fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn sína við frumvarpið og eru forsvarsmenn þess boðnir og búnir til að mæta á fund nefndarinnar ef að þess er óskað.

F.h. Sven ehf.

Ragnar Orri Benediktsson, framkvæmdastjóri



Reykjavík, 29. apríl 2021

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (nikótínvörur)

Hinn 7. apríl sl. lagði heilbrigðisráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (þskj. 1192 í 713. máli). Með frumvarpinu er lagt upp með að fella inn í lög nr. 87/2018 ákvæði er varða nikótínvörur, t.d. nikótínþúða. Frumvarpið hefur verið tekið til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu og þykir ástæða til að koma athugasemdum á framfæri.

Verði frumvarpinu fengið lagagildi mun sú staða verða fest í sessi að um neysluvörur sem innihalda nikótín fari samkvæmt þremur megin lagabálkum, þ.e. lögum nr. 87/2018, lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, og lyfjalögum, nr. 100/2020. Þar sem nikótín er ávanabindandi efni, það má finna í tóbaki og tóbaksneysla hefur sögulega verið rót heilsufarsvanda sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir má í ákveðnum skilningi halda því fram að lög um tóbaksvarnir sé frumheimildin um lagalega stefnu stjórnvalda. Ákvæði þeirra endurspeglar hið minnsta að tóbaksneysla hafi veruleg og skaðleg áhrif sem koma harkalega niður á bæði einstaklingum og almannahagsmunum. Í ljósi þessa veruleika sköpuðust forsendur til þróunar staðgönguvara, t.d. nikótínplástra og nikótínþyggi, sem beinlínis hafa þann gagnreynda tilgang að veita mönnum aðstoð við að venja sig af tóbaksneyslu. Fáum hefur dulist að regluverk um slíkar vörur hefur verið strangt hér á landi enda eru þær að meginstefnu helst fánlegar í lyfjaverslunum og háðar markaðssetningar- og eftirlitsumhverfi lyfja.


Forsendur

Fyrir fáum árum bættust nýjar nikótínvörur á markað, þ.e. rafrettur og síðar nikótínþúðar. Rannsóknir sjálfstæðra aðila hafa gefið til kynna að rafrettur hafi náð nokkurri útbreiðslu en notkun nikótínþúða sé langsamlegast algengust meðal ungs fólks. Það er hins vegar vel þekkt að tóbaksreykingar hafa dregist saman og eru í raun óalgengar meðal ungs fólks. Hins vegar gefa upplýsingar Hagstofu Íslands til kynna gífurlega aukningu innflutnings nikótínþúða að undanfögnu á meðan innflutningur tóbaks og annars tóbakslíkis hefur í ýmsu tilliti verið nokkuð stöðugur. Af upplýsingum verður að álykta að notkun nikótínþúða sé á hraðri uppleið.

Á mynd 1 má sjá að innflutningur nikótínþúða (munntóbakslíkis) hefur aukist mjög hratt. Hann nam t.d. 64 kg í byrjun árs 2019 en tæplega 12 tonnum í júlí 2020, þegar hann var hvað mestur. Á öllu tímabilinu nam innflutningurinn rúmlega 128 tonnum. Ef miðað er við að innflutningurinn hafi náð nokkru jafnvægi á árinu 2020 og meðalinnflutningur hvers mánaðar þess árs er margfaldaður með 12 mánuðum fæst tæplega 94 tonna árlegur innflutningur en 116 tonna

árlegur innflutningur ef miðað er við meðal innflutning fyrstu mánaða ársins 2021. Á sama tíma virðist innflutningur á tóbaki og öðru tóbakslíki tiltölulega stöðugur að því slepptu að vísbendingar eru um að reglulegur innflutningur ÁTVR á tóbaki til framleiðslu íslensks neftóbaks hafi tekið að dragast saman frá og með miðju síðasta ári. Ljóst er að eftir miklu er að slægjast því heildar FOB-verð innflutts munntóbakslíkis hefur numið nálega 1.565 millj. kr. frá upphafi árs 2019. Gróflega má reikna með því að 7–12 milljónir sölundósa hafi verið fluttar inn á tímabilinu. Til samanburðar nam heildar FOB-verð innflutnings ÁTVR á hráefni í neftóbak tæplega 50 millj. kr. á tímabilinu.

Mynd 1: Innflutningur tóbaks og tóbakslíkis 2019–2021



(Heimild: Hagstofa Íslands)

Nikótín er eitrefni og ofneysla þess getur valdið miklum skaða. Þó neysla þess geti haft tímabundna vellíðan í för með sér verða áhrifin hverfandi við langtímaneyslu. En nikótín er ávanabindandi og því getur reynst verulegum erfiðleikum bundið að draga úr eða hætta neyslu þess. Ætla má að stór hluti neytenda nikótínþúða sé ungt fólk sem ekki hefur ánetjast tóbaki.

Að mati SVP verður að skoða frumvarpið með framangreint í huga. Með því er ætlunin að reisa hömlur við neyslu og sýnileika nikótínþúða, m.ö.o. að draga úr líkum á því að menn, og þá einkum ungt fólk, ánetjist nikótíni. Ástæðan er kunn, ólíkt nikótínlyfjum er markhópur nikótínþúða ekki tóbaksfólk þó öðru sé oft haldið fram.

Ákvæði frumvarpsins

SVP gagnrýndu drög að frumvarpinu nokkuð harðlega þegar þau birtust á samráðsgátt stjórnvalda í desember síðastliðnum.¹ Frá þeim tíma hefur frumvarpið tekið nokkrum jákvæðum breytingum. Kröfur SVP hafa hvað helst snúið að markaðssetningu og sýnileika, þ.m.t. að lagðar verði hömlur gegn markaðssetningu á netinu og samfélagsmiðlum, markaðssetningu fyrir tilstuðlan áhrifavalda, gegn prufugjöfum, gegn auglýsingum og að tryggt verði að nikótínþúðar verði ekki sýnilegir í verslunum. Hafa rökin grundvallast á að samræmi verði að ríkja milli reglna sem gilda um tóbak og reglna sem gilda um nikótínvörur. Markmiðið hlýtur að vera hið sama, þ.e. að sporna gegn útbreiddri notkun vara sem stuðla að aukinni neyslu nikótíns.

Eftirfarandi er gróf samantekt yfir þær kröfur sem reistar verða með frumvarpinu:

1. Óheimilt verður að selja nikótínþúða í skólum og öðrum stöðum sem eru ætlaðir til félags-, íþrótt- og tómstundastarfs barna og ungmenna,
2. óheimilt verður að selja nikótínþúða á heilbrigðisstofnunum og öðrum stöðum þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt,
3. óheimilt verður að auglýsa nikótínþúða,
4. óheimilt verður að sýna neyslu nikótínþúða í auglýsingum,
5. bannað verður að hafa nikótínþúða sýnilega á sölustöðum nema í sérverslunum,

Með sérverslun er átt við verslun sem eingöngu hefur nikótínvörur, rafrettur, áfyllingar fyrir þær og tengdar vörur til sölu.

Ekki er gerð krafa um íslenskar merkingar og leiðbeiningar með vörunum, eins og við á í tilviki nikótínlyfja og tóbaks og ýmissa annarra vara eins og á um við lækningatæki og smokka og vélar, geyma, katla o.fl. samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, en gert er ráð fyrir að viðvaranir um áhrif vörunnar á heilsu verði á umbúðum hennar og leiðbeiningar fylgi um notkun og geymslu. Þá skulu á umbúðum nikótínvara vera skýrar upplýsingar um magn nikótíns en ráðherra ber að ákveða hámarksinnihald nikótíns með reglugerð.

Bannað verður að auglýsa nikótínþúða en tryggja verður að þau áform sem endurspeglast í sérstökum athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins verði framkvæmanleg, þ.e. að bann við auglýsingum nái raunverulega til umfjöllunar á vefsíðum, samfélagsmiðlum og til auglýsinga áhrifavalda. Þrátt fyrir góðan vilja hafa SVP áhyggjur af því að það sé ekki tryggt. Til að mynda er ekki minnst á það einu orði í greinargerð frumvarpsins að upplýsingar sem þegar er að finna á heimasíðum söluaðila muni verða að fjarlægja þegar frumvarpið fær gildi. Hafa ber í huga að í heimi stafrænna viðskipta er verulegum erfiðleikum háð að sannreyna aldur kaupanda. Í þessu ljósi ætti í raun að leggja beinum orðum bann við birtingu upplýsinga um nikótínvörur á heimasíðum eða aðra skírskotun til slíkra vara.

Óheimilt verður að hafa nikótínþúða sýnilega á sölustöðum en sérverslanir eru þar undanþegnar. Markaðsaðilar hafa að undanfögnu eytt gífurlegu þúðri í að skapa tengingu í huga neytenda milli útlits og heitis verslana og þúðanna sjálfra.

¹ Sjá umsögn SVP á vefslóðinni: [https://samradsgatt.island.is/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=430476bc-4262-eb11-9b9f-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/Skrar/$Cases/GetAdviceFile/?id=430476bc-4262-eb11-9b9f-005056bcce7e)

Í samhengi frumvarpsins er rétt að benda á að Danir hafa gengið lengra en ætlunin er að gera með frumvarpinu. Eftirfarandi eru upplýsingar sem koma fram á heimasíðu danska heilbrigðisráðuneytisins²:

Hövuðelementer der træder i kraft pr. 1. april 2021:

- Slut med synlige tobaksvarer, tobakssurrogater, urtebaserede rygeprodukter, elektroniske cigaretter og genopfyldningsbeholdere med og uden nikotin i butikkerne (bortset fra enkelte specialforretninger)
- Slut med at markedsføre nye elektroniske cigaretter, genopfyldningsbeholdere med og uden nikotin og smagsstoffer til brug i elektroniske cigaretter med andre kendetegnende aromaer end tobak og mentol (der må sælges ud af varer produceret før 1. april)
- Skærpelse af forbud mod tobaksreklame
- Markant skærpelse af straffeniveau for salg af tobaksvarer m.v. til personer under 18 år
- Skærpelse af bødestraffen til den arbejdsgiver, indehaver, restauratør, bestyrer og forpagter, der tillader rygning i strid med reglerne i lov om røgfri miljøer
- Indførelse af reklameregler og aldersgrænse på 18 år for tobakssurrogater (bl.a. "nikotinposer")

Danir virðist ætla sér að útrýma einkennum nikótínvara en í 12. tölulið § 1 í Lov om ændring af lov om forbud mod tobaksreklame m.v., lov om tobaksvarer m.v., lov om elektroniske cigaretter m.v. og forskellige andre love Á heimasíðu Sikkerhedsstyrelsen³ kemur eftirfarandi m.a. fram (á dönsku):

Synlig anbringelse og fremvisning af tobaksvarer, tobakssurrogater og urtebaserede rygeprodukter på salgssteder, herunder på internettet, er forbudt.

Í dönsku löggjöfinni er mikið lagt upp úr að gera vörurnar hlutlausar:

Salgssteder, herunder på internettet, kan efter anmodning fra køberen give køberen en liste med neutrale oplysninger om, hvilke tobaksvarer, tobakssurrogater og urtebaserede rygeprodukter der sælges på salgsstedet, og varenes pris. På fysiske salgssteder kan listen med neutrale oplysninger opsættes ved en ekspedientbetjent salgskasse.

Í 9. gr. frumvarpsins er m.a. lagt upp með að ráðherra verði með reglugerð heimilað að takmarkað markaðssetningu bragðefna. Rétt er að benda á Danir hafa þegar gengið langt í þessum efnum með lagasetningu:

² Sjá á vefsíðunni: <https://sum.dk/nyheder/2021/april/nu-bliver-tobakken-gemt-vaek-fra-disken-i-butikkerne>

³ Sjá á vefsíðunni: <https://www.sik.dk/erhverv/produkter/e-cigaretter/vejledninger/hvornaar-traeder-reglerne-elektroniske-cigaretter-og-genopfyldningsbeholdere-kraft>

Elektroniske cigaretter, genopfyldningsbeholdere med og uden nikotin og smagsstoffer til brug i elektroniske cigaretter med en kendetegnende aroma må ikke markedsføres her i landet. Forbuddet gælder dog ikke for kendetegnende aroma af mentol eller tobak.

Jákvæðar breytingar en áhyggjur af framkvæmdinni

Að framangreindu slepptu eru SVP að ýmsu leyti sátt við þær breytingar sem hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því það lá fyrir í drögum. Til að mynda er nú gert ráð fyrir að kröfur um merkingar og leiðbeiningar nái til nikótínþúða, óskýrleiki um hámarksstyrk nikótíns að ákveðnu leyti minni þó hann hafi í raun ekki verið útfærður af tæknilegum ástæðum, sett sýnileikabann utan sérverslana, sérverslanir nokkuð vel skilgreindar og auglýsingabann látið orðum samkvæmt ná til vef- og samfélagsmiðla. Óljóst er þó hvernig framkvæmdin verður m.a. þar sem það er að í höndum söluaðila að fylgja reglunum. Í ljósi reynslunnar af framkvæmd löggjafar um rafrettur verða samtökin að lýsa áhyggjum af því að eftirlit verði ekki nægilega virkt. Hafa SVP orðið þess áskynja að þrátt fyrir fyrirliggjandi takmarkanir við markaðssetningu rafretta hafa ýmsar upplýsingar og kynningarefni verið í birtingu án þess að nokkuð væri að gert. Í samskiptum við opinbera eftirlitsaðila hefur t.d. komið fram að ágallar á lögum geri eftirlit þeirra erfitt viðureignar. Það ríður á að virkni eftirlits og úrræða verði með sem bestum hætti ef ekki verður unnt að ganga lengra en gert er í frumvarpinu. Hins vegar er ljóst að markaðseftirlit getur verið kostnaðarsamt og erfitt viðureignar. Í ljósi þess hafa samtökin leyft sér að vekja athygli á hve langt Norðmenn hafa gengið.⁴

Ósamræmi í löggjöf


Að lokum telja SVP rétt að vekja athygli á því ósamræmi sem er til staðar og mun festast í sessi þegar kemur að löggjöf sem snertir vörur sem innihalda nikótín. Ósamræmið verður hins vegar minna en ella í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið á frumvarpinu fyrir framlagningu á Alþingi. Hins vegar verður þriðji lagabálkurinn um vörur sem innihalda nikótín festur í sessi á meðan tækifæri hefði verið til að hafa þá aðeins tvo, þ.e. tóbaksvarnalög og lyfjalög.

Í þessu samhengi vilja SVP vekja athygli á að nikótínlyf innihalda undantekningarlaust mun minna nikótín en aðrar vörur. Ástæðan er sú að þeim er í raun ætlað að aðstoða fólk við að draga úr eða hætta tóbaksreykingum og að lokum hætta alfarið neyslu nikótíns. Eigi síður eru settar tilteknar hömlur við smásölu þeirra á meðan engar sambærilegar hömlur verða reistar við smásölu tóbaks, rafretta, vökva fyrir þær og nikótínþúða. Gildir þar einu þó gagnsemi lyfjanna sé gagnreynd.

⁴ [Forskrift om forbud mot nye tobakks- og nikotinprodukter](#). §2: „Det er forbudt å produsere, føre inn i Norge, omsette eller overlate til andre nye former for tobakks- og nikotinholdige produkter. Det samme gjelder tobakks- og nikotinholdige produkter som forutsettes benyttet på andre måter enn de som er vanlige i Norge.“

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri

Alþingi – Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. apríl 2021
UST202104-186/G.A.Ó.
04.01

Efni: Frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur - nikótínvörur - 713. mál

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis dags. 15. apríl sl. þar sem velferðarnefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (nikótínvörur), 713. mál. Meginefni frumvarpsins er að nikótínvörum er bætt inn í ákvæði laganna sem hefur í för með sér að þær muni að mestu leyti lúta sömu reglum og gilda um rafrettur og áfyllingar fyrir þær.

Notkun nikótínvara, sérstaklega svokallaðra nikótínþúða, hefur aukist töluvert undanfarin ár. Umhverfisstofnun telur því rétt að framangreind breyting verði gerð á lögum nr. 87/2018 þar sem óvissa hefur verið fyrir hendi hvaða reglur gilda um markaðssetningu og sölu á nikótínvörum. Skv. greinargerð með frumvarpinu er markmið þess að setja skýrar reglur um heimildir til sölu, markaðssetningar og notkunar á nikótínvörum og fella framangreint undir sömu reglum og gilda skv. lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að lög og reglur nái utan un notkun á nikótínvörum, innflutning á þeim, sölu og markaðssetningu.

Umhverfisstofnun vísar einnig í umsögn sína um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur sem var send velferðarnefnd alþingis 19. mars 2018. Í þeirri umsögn viðraði stofnunin athugasemir sínar varðandi lög um rafrettur og að mati stofnunarinnar eiga þær athugasemdir við þetta frumvarp.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar eru eftirfarandi:

1. Í 15. grein frumvarpsins segir að framleiðendur og innflytjendur nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir þær sem innihalda nikótín, sem hyggjast setja nikótínvörur, rafrettur eða áfyllingar á markað hér á landi, skuli senda Húsnæðis- og mannvirkjastofnun tilkynningu um slíkt sex mánuðum áður en markaðssetning er fyrirhuguð á rafrettum og áfyllingum fyrir þær en þremur mánuðum áður en markaðssetning er fyrirhuguð á nikótínvörum. Að mati Umhverfisstofnunar teljast rafrettur og sumar nikótínvörur til tóbaks skilgreiningu á tóbaki og reykfærum í 2. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir. Með þessu frumvarpi er verið að dreifa eftirliti með tóbaki, rafrettum og nikótínvörum á fleiri aðila en þörf er á þar sem

heilbrigðisnefndir hafi eftirlit með sölu á tóbaki samkvæmt lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.

2. Í 8. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir er ítarlega fjallað um eftirlit með sölu tóbaks sem ekki er að finna í lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, né í þessu frumvarpi. Í 10. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir segir: „Til að selja tóbak í smásölu, þarf sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði.“ Að mati Umhverfisstofnunar vantar sambærilegt ákvæði í þetta frumvarp.

Að öðru leyti vísar Umhverfisstofnun í fyrrnefnda umsögn sína varðandi frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.

Virðingarfyllst

Gunnar Alexander Ólafsson
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Alþingi - Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150Reykjavík

Reykjavík 19. mars 2018
UST201802-345/G.A.Ó.
04.01

Efni: Umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur – mál 202.

Umhverfisstofnun fagnar framkomnu lagafrumvarpi, því rafrettur hafa hingað til verið fyrir utan lagalegt umhverfi. Notkun á rafrettum hefur aukist ört undanfarin ár. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að lög og reglur nái utan um notkun á rafrettum, innflutning á þeim, sölu og markaðssetningu.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar eru eftirfarandi:

1. Í 2. gr. frumvarpsins um gildissvið segir að lögin gildi um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, hvort sem þær innihalda níkótín eða ekki.
Að mati Umhverfisstofnunar er í þessu ákvæði bein tenging við lög um tóbaksvarnir nr. 6/2002 og því er það mat stofnunarinnar að tengja þurfi lögin og eftirlit með þeim með skýrari hætti en gert er í frumvarpinu, betur við lög um tóbaksvarnir nr. 6/2002.
2. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Neytendastofa fari með markaðseftirlit, sbr. 12. gr. Umhverfisstofnun bendir á að eftirlitshlutverk Neytendastofu er þrátt fyrir þetta lítið sem ekkert skilgreint í frumvarpinu.
3. Í 13. gr. frumvarpsins er fjallað um að framleiðendur og innflytjendur rafretta og áfyllinga, sem hyggjast setja rafrettur eða áfyllingar á markað hér á landi, skulu senda Neytendastofu tilkynningu um slíkt.
Umhverfisstofnun bendir á að rafrettur teljast til tóbaks skv. skilgreiningu á tóbaki og reykfærum í 2. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir. Með frumvarpinu er verið að dreifa eftirliti með tóbaki og rafrettum og óljós mörk eru á milli eftirlits heilbrigðisnefnda og Neytendastofu.

4. Í 8. gr. laga um tóbaksvarnir ítarlega fjallað um eftirlit með sölu tóbaks sem ekki er að finna í frumvarpinu. Sem dæmi má nefna að í 10. mgr. 8. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir segir: „Til að selja tóbak í smásölu þarf sérstakt leyfi pheilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði.“ Umhverfisstofnun telur sambærilegt ákvæði skorta í frumvarpinu.
5. Í 1. mgr. 17. gr. tóbaksvarnalaga segir að „Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón [Umhverfisstofnunar], hafa eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði II. kafla laga þessara um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks.“ Eftirlit með útsölustöðum rafretta er óljóst og er Neytendastofu ætlað það eftirlit samkvæmt frumvarpinu. Að mati Umhverfisstofnunar er verið að dreifa eftirliti með rafrettum og tóbaki með óþarflegum hætti, þar sem núverandi fyrirkomulag hefur reynst vel í mörg ár.
6. Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um eftirfarandi atriði skorti í lagafrumvarpið:

Úrræði eftirlitsaðila vegna brota:

Frumvarpið er hljótt um hvaða úrræði standa eftirlitsaðila til boða ef brotið er gegn ákvæðum laganna.

Í tóbaksvarnalögunum er t.a.m. að finna heimild eftirlitsaðila til beita þvingunarúrræðum laga nr. 7/1998 ef brotið er gegn ákvæðum laganna, sbr. 2. mgr. 17. gr. tóbaksvarnarlaga. Einnig er að finna í 3. mgr. 17. gr. heimild til að svipta leyfishafa leyfi að undangenginni áminningu ef brot er stórfellt. Leggja mætti til að sambærilegar heimildir væru í rafrettulögunum. Mætti t.d. vera að finna eftirfarandi ákvæði í frumvarpinu: „Nú er brotið gegn ákvæðum laganna og ekki farið að fyrir mælum Neytendastofu og getur Neytendastofa þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 60. og 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir“.

Varðandi umbúðir og merkingar:


- Að umbúðir rafretta og áfyllinga skuli vera (Child-and tamper- proof), traustar og ólekar og þannig gerðar tryggt sé að endurfylling sé án leka (sbr. g. liður 3. tl. 20. gr. tilskipunar 2014/40/ESB).
- Að á umbúðum sé viðvörðun um að varan innihaldi nikótín sem sé mjög ávanabindandi efni (sbr. iii b. liður 4. tl. 20. gr. sömu tilskipunar).
- Að umbúðir séu þannig að þær veki ekki forvitni og athygli barna.
- Að texti merkinganna skuli vera á íslensku.
-

Varðandi fylgiseðil:

Að með pakkingum af rafrettum og áfyllingum sé fylgiseðill sem geymi m.a. upplýsingar um (sbr. 4. tl. 20. gr. tilskipunar 2014/40/ESB):

- Leiðbeiningar um notkun og geymslu.

- Áréttingu á því að varan sé ekki ætluð börnum/ungu fólki og reyklusum/geti verið skaðleg/hafi mögulega aukaverkanir/sé ávanabindandi... etc.
- Lista yfir innihaldsefni (í lækkandi röð eftir þyngd þeirra), þ.á.m. upplýsingar um nikótíninnihald vörunnar í hverjum skammti.
- Tilmæli um að varan skuli geymd þar sem börn ná ekki til o.fl.


Gunnar Alexander Ólafsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst


Eva B. Sólán Hannesdóttir
lögfræðingur

Kópavogur 28. apríl 2021



Umsögn Æskunnar um Frumvarp heilbrigðisráðherra. til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (nikótínvörur).^[1]

Æskan fagnar þessu frumvarpi sem er til þess fallið að styðja við góðan árangur í forvörnum á Íslandi.

Það er von okkar að náist að draga úr notkun nikótínvara á borð við tóbakslausa nikótínþúða sem er ný vara á markaðinum og hefur náð töluverðri útbreiðslu á skömmum tíma.^[2]

Nikótín er ávanabindandi efni og því óæskilegt að ungt fólk byrji að nota þessar vörur og verði háð nikótíni. Æskan hefur frá stofnun 1886 hvatt til að ekki sé verið að prufa, fíkta með, nota eitthvað sem hægt er að ánetjast.

Æskan hvetur ráðamenn til að standa með þeim sem vinna í forvörnum því forvarnir á Íslandi hafa verið til fyrirmyndar í áratugi og skapað kynslóðir sem hafna neyslu áfengis og annara vímuefna.^[3]

Æskan hvetur ráðamenn að skoða miklu betur mál er varða forvarnir. Virkja þau lög sem sannarlega standa um markaðssetningu og auglýsingar efna sem hafa neikvæð áhrif á börn á hvaða miðlum sem er.

Lýðheilsumat er mælikvarði sem ætti hiklaust að taka upp hið snarasta.

Heildarstefna í forvörnum ætti að taka gildi sem skýr viðmið að draga sem mest úr neyslu tóbaks, nikótíns, áfengis og annara vímuefna. Æskan lýsir sig fúsa til að leggja lið við vinnu við að undirbúa stefnuna þar sem Æskan er hluti af stærstu forvarnasamtökum heims **Movendi**.

Sigurbjörg Helga Sigurgeirsdóttir Formaður, Æskan Barnahreyfing

Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri Æskan barnahreyfing

[1] <https://www.althingi.is/altext/151/s/1192.html>

[2] <https://www.gallup.is/frettir/dagleg-notkun-nikotinpuðum-er-ordin-meiri-en-rafrettum/>

[3] <https://rannsoknir.is/>